

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinsonar um afskipti lögreglu af erlendum ríkisborgurum.

Leitað var til ríkislögreglustjóra og Fangelismálastofnunar ríkisins eftir viðeigandi upplýsingum og er í svari ráðherra byggt á gögnum þaðan.

1. *Hve oft hefur lögregla haft afskipti af erlendum ríkisborgurum hér á landi árlega frá 1995 til 1. nóvember 2006?*

Í bréfi ríkislögreglustjóra kemur fram að upplýsingum um afskipti lögreglu af erlendum ríkisborgurum hefur ekki verið safnað á landsvísi til birtingar í tölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, sem komið hafa út allt frá 1999. Þó hafa upplýsingar um hegningarlagabrot einstaklinga með erlent ríkisfang verið teknar saman fyrir árin 2001, 2002, 2003 og 2005. Af tæknilegum ástæðum var ekki hægt að birta tölur fyrir árið 2004, en þá var nýtt tölvukerfi innleitt. Tölurnar í töflunni hér á eftir miðast við einstaklinga, en þeir geta átt að baki fleiri en eitt brot. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um ferðamann er að ræða eða einstakling með búsetu hér á landi. Ekki liggja fyrir tölur fyrir árið 2006.

	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi kærðra einstaklinga	3.877	4.002	3.536	---	3.855
Með erlent ríkisfang	219	268	216	---	269
Hlutfall kærðra með erlent ríkisfang	5,6	6,7	6,1	---	7,0

2. *Hve margir erlendir ríkisborgarar annars vegar og íslenskir ríkisborgarar hins vegar sátu af sér dóma í íslenskum fangelsum árlega á sama tímabili?*

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda fanga sem hafa afplánað og afplána óskilorðsbundnar fangelsisrefsingar samkvæmt dómum í íslenskum fangelsum árin 1995–2006.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006 (1.1.–1.11.)
Allir fangar	368	417	311	268	234	219	254	251	325	317	305	322
Þar af íslenskir ríkisborgarar	361	410	299	260	229	212	233	226	295	279	268	293
Erlendir ríkisborgarar búsettir erlendis	3	3	9	4	3	6	17	21	25	33	33	18
Erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi	4	4	3	4	2	1	4	4	5	5	4	11
Samtals erlendir ríkisborgarar	7	7	12	8	5	7	21	25	30	38	37	2